

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Kjósarhreppi.

*Deiliskipulag á neðri hluta jarðarinnar Hvítaness.*

Sveitarstjórn Kjósarhrepps staðfesti á fundi sínum 10. janúar 2023 samþykki skipulags- og byggingarnefndar frá 29. desember 2022 deiliskipulagstillögu á neðri hluta jarðarinnar Hvítaness sem liggur að sjó.

Tillagan var auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Engar athugasemdir bárust frá almenningi á kynningartímanum en umsagnir bárust frá opinberum umsagnaraðilum.

Í deiliskipulaginu felst að á 5 ha svæði eru skilgreindar lóðir þar sem m.a. er gert ráð fyrir íbúðarhúsum, bryggjuhúsi og fjölnotahúsum. Einnig er gert ráð fyrir flotbryggju, nýju vatnsbólí og hreinsivirki. Fyrir liggur undanþága innviðaráðuneytis frá skipulagsreglugerð vegna fjarlægðar mannvirkja frá sjó, dags. 30. maí 2022. Staðsetning bygginga er í góðu samræmi við núverandi veg á jörðinni og þann hluta nassins sem mest hefur verið raskað.

Í uppdrætti og greinargerð hefur verið brugðist við athugasemdum sem komu fram í auglýsinga- og afgreiðsluferli.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

*Kjósarhreppi, 14. apríl 2023.*

**Pálmar Halldórsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 11. maí 2023